

Porrablót í Aratungu



Porrablót 2024

föstudaginn 26. janúar

Trog að heiman, hvert með sínu sniði. Pokaball/engin sjoppa. Húsið opnað kl.19:00 og borðhald hefst kl.20:00. Hljómsveitin Allt í einu spilar fram á nótt.

Aldurstakmark 18 ára. Miðasala í Bjarnabúð mánudaginn 22. janúar kl.12:00-14:00.

Miðaverð kr. 4.900,- enginn posi.



Hlökkum til að blóta Porra með ykkur!
Porrablótsnefnd Skálholtssóknar.



23. árgangur 1. tbl. Janúar 2024

Ritstjóri: Sigurros H Jóhannsdóttir
Á.b.m: Ásta Stefánsdóttir



Nýárskveðja frá Bláskógabyggð

Við sendum íbúum í Bláskógabyggð, sumarhúsaeigendum, gestum og landsmönnum öllum okkar bestu óskir um gleðilegt nýtt ár, með þökk fyrir góð samskipti og samstarf á árinu sem er að líða.

Sveitarstjórn og starfsfólk Bláskógabyggðar

Oddvitapistill

Ég vil byrja á því að óska ykkur öllum gleðilegs nýs árs með þökk fyrir nýliðið ár. Það er ósk okkar allra að nýja árið verði okkur öllum gott og gæfuríkt. Það eru ótal verkefni og tækifæri sem bíða okkar allra á nýju ári, hjá sveitarfélaginu eru mörg spennandi verkefni framundan sem gaman verður að takast á við.

Ný heimasíða sveitarfélagsins var tekin í gagnið nú í byrjun árs. Nýja síðan leysir af heimasíðu sem var komin til ára sinna og þótti ekki notendavæn. Á nýju heimasíðunni á að vera einfalt að nálgast allar upplýsingar er tengjast stjórnslu sveitarfélagsins. Ein af nýjungum á síðunni er að nú verður hægt að sjá gögnin á bak við þau erindi sem tekin eru fyrir á sveitarstjórnarfundum. Það er von mín að nýja heimasíðan eigi eftir að nýtast öllum þeim sem þurfa að sækja sér upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins vel. Slóðin á heimasíðuna er óbreytt, www.blaskogabyggd.is.

Fjárhagsáætlun ársins 2024 var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 6. des sl. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir 192 milljónum í rekstrarafgang eftir fjármagnsgjöld, afskriftir og skatta. Það er ásættanleg niðurstaða en við skulum hafa í huga að það eru margir óvissuþættir í efnahagslífinu sem geta haft áhrif á rekstur sveitarfélagsins. Heildartekjur sveitarfélagsins á árinu þ.e.a.s. A og B hluti eru áætlaðir rúmlega 2,7 milljarðar. Eins og áður taka fræðslumálin til sín mesta fjármagnið eða tæplega 1,1 milljarð sem eru um 39,7% af heildartekjum sveitarfélagsins. Til íþrótt- og æskulýðsmála er gert ráð fyrir 173 milljónum sem eru um 6,4% af heildartekjum og þar á eftir kemur félagsþjónustan en gert er ráð fyrir tæplega 138 milljónum til þess málaflokks sem eru um 6,3% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir tæplega 560 milljónum til framkvæmda á árinu, lántökur eru áætlaðar um 221 milljónir. Í lok árs er gert ráð fyrir að skuldaviðmið verði um 68% en samkvæmt sveitarstjórnarlögum er lögbundið hámark 150%, við erum því langt undir lögbundnu hámarki. Sveitarstjórn samþykkti að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði í 0,45% af heildarfasteignamati, en hlutfallið var áður 0,48%. Með þessu er sveitarstjórn að koma til móts við þær hækkanir sem átt hafa sér stað á fasteignamati íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu. Almennt eru gjaldskrár að hækka um 7%. Áhugasömum um rekstur og fjárhagsáætlanir er bent á að hægt er að sjá fjárhagsáætlunina í heild sinni á heimasíðunni.

Ökukennsla

B-réttindi , kerrupróf og akstursmat
María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni
Sími 895 1978 Tölvupóstfang emmceem@gmail.com



Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í febrúar 2024. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. febrúar 2024. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bilamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límmiðaprentun

Merkilegt! - Útey 2 - Sími 791 4664

Bókasafn Reykholtsskóla

Opnunartímar

Opið er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19

Fyrir börn og starfsmenn skólans er aðgengi að safninu einnig á skólatíma.

Bókasafnið heldur úti útibúi í Íþróttamiðstöðinni í Reykholti og þar sem hægt er að taka að láni úrval bóka, leggja inn pantanir og skila af sér lesefni.

Heilsugæslan okkar er enn í umræðunni og skal engan undra. Nú hefur Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) auglýst eftir hentugu húsnæði fyrir heilsugæslu í Uppsveitum. Eins og áður hefur komið fram vill HSU kanna hvort hentugt húsnæði sé í Uppsveitum því að þeirra sögn sé kominn tími á mikið viðhald á heilsugæsluhúsnæðinu í Laugarási, 150 milljónir eru nefndar en engin úttekt eða greining liggur fyrir um viðhaldsþörf. Auglýsing frá FSRE birtist 8. janúar á þeirra útboðsvef og gefnar eru þrjár vikur til að skila inn tilboði, það er sem sagt ekki gefinn mikill tími til að getað undirbúið tilboð með öllu sem því fylgir. Óskað er eftir að afhending húsnæðisins verði eins fljótt og kostur er en hámarks afhendingartími er 18 mánuðir, það gefur augalaleið að það er nánast ógjörningur fyrir áhugasama að fá afhenta lóð, láta teikna húsnæðið og fá það samþykkt, semja við verktaka og byggja húsið á 18 mánuðum. Það eru því allar líkur á því að heilsugæslan fari í húsnæði sem búið er að byggja en á eftir að innrétta. Það er mikilvægt að opinberar stofnanir vinni faglega í öllum sínum störfum alveg frá upphafi, það er jú verið að starfa fyrir allt fólk í Uppsveitum og gæta þeirra hagsmuna.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga. Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímarpantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafræðingur



Bláskógabyggð

Opnunartími gámastöðvanna

	Heiðarbær	Lindarskógar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	10:00 - 12:00	Lokað	14:00 - 17:00
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 16:00	10:00 - 13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	10:00 - 13:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	13:00 - 15:00	16:00 - 18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladaðag - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámastöðvunum.

Bláskógabyggð er á Instagram



blaskogabygd

Íþróttamiðstöðin í Reykholti Vetraropnun

14. ágúst 2023 – 17. maí 2024



Mánudaga 14:00 – 20:00

Þriðjudaga 14:00 – 22:00

Miðvikudaga 14:00 – 20:00

Fimmtudaga 14:00 – 22:00

Föstudaga 13:00 – 17:00

Laugardaga 10:00 – 18:00

Sunnudaga lokað

Sundlaug, heitur pottur, vaðlaug, vatnsrennibraut, kalt ker, þrek- og íþróttasalur. Opið er í tækjasal mánudaga til laugardaga frá 10:00 til lokunartíma sama dags.

The Sport Center in Reykholt Opening hours during winter

14. August 2023 - 17. May 2024



Mondays 14:00 – 20:00

Tuesdays 14:00 – 22:00

Wednesdays 14:00 – 20:00

Thursdays 14:00 – 22:00

Fridays 13:00 – 17:00

Saturdays 10:00 – 18:00

Swimming pool, hot and cold tubs, water slide, gym and a fitness room. The Fitness center opens at 10:00 every day except Sundays.

Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: vidhald.drattur@gmail.com

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

Opnunartími verslunar er

Mán-miðvikudag	Lokað
fimmtudag	13-17
Föstudag	13-18
Laugardag	12-17
Sunnudag	Lokað

Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.

HÓLABÚÐIN



Garðhönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufræðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**

s:865-4393 eða netfang ellisifmb@gmail.com.



HEILSUEFLANDI
Uppsveitir
velliðan fyrir alla

LEIKFIMI FYRIR ÞIG

Opinn tími fyrir alla 60+ og aðra sem eru í endurhæfingu eða eru utan vinnumarkaðar. Tíminn er kl. 10 á mánudögum í íþróttahúsinu á Flúðum.

Leiðbeinandi: Gunnar Gunnarsson, íþrótt- og heilsufræðingur



Kæru félagar, eldri borgarar og velunnarar.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs með þakklæti fyrir liðið ár. Vonandi hittir þessi kveðja ykkur hamingjusöm og við góða heilsu eftir að hafa átt ánægjuríka jólahátíð.

Fyrsta samvera okkar á nýju ári verður fimmtudaginn 11. janúar 2024. Svo er rétt að minna á að til stendur að halda þorrablot fyrir eldra fólkið laugardaginn 6. febrúar.

Tilhögun og annað tengt þorrablotinu verður sent í tölvupósti og á facebook síðunni

Eldri borgarar Biskupstungna þegar nær dregur,
<https://www.facebook.com/groups/659261657854330/>

Fyrir hönd stjórnar

Kær kveðja
Elín Siggeirsdóttir, formaður FEBB



Kristbjörg Guðmundsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður íþróttamannvirkja Bláskógabyggðar. Aðdragandi þess er sá að á fundi sveitastjórnar Bláskógabyggðar í september sl. var samþykkt að leggja niður stöður beggja forstöðumanna íþróttamiðstöðva Bláskógabyggðar og koma í staðinn á stöðu forstöðumanns íþróttamannvirkja Bláskógabyggðar frá 1. janúar sl. Undir hina nýju stöðu heyrar rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar í Reykholti og Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugarvatni, auk umsjónar með íþróttavöllum á Laugarvatni og í Reykholti.

Forstöðumönnum beggja íþróttamiðstöðvanna var boðið að taka þátt í matsferli vegna ráðningar í hið nýja starf. Niðurstaða þess var sú sem að framan greinir og hefur Kristbjörg tekið við starfinu.

Kristbjörg er með BSc gráðu í sálfræði og hefur starfað sem forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugarvatni frá því í ársbyrjun 2019, þar sem hún starfaði áður sem sundlaugarvörður.

**Íþróttamannvirki Bláskógabyggðar
Laugarvatni
S. 480 3041**

Opnunartímar

Sundlaug	Preksalur
Mánudag - Miðvikudags: 13:00 - 21:00	Mánudag - Fimmtudags: 10:00 - 22:00
Fimmtudaga: 15:00-21:00	Föstudaga : 10:00 - 18:00
Föstudaga, Laugardaga & Sunnudaga 13:00 - 18:00	Laugardaga & Sunnudaga 13:00 - 18:00

Velkomin á Laugarvatn

